

**Yfirlýsing félags- og húsnæðismálaráðherra,  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra  
um stofnun samstarfsvettvangs um verkefnið „Vandað, hagkvæmt, hratt“**

Verkefnið „Vandað, hagkvæmt, hratt“ byggir á samþykkt ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði húsnæðismála, í tengslum við gerð kjarasamninga síðastliðið vor þar sem markmiðið er að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum, styðja við leigumarkað og kaup á fyrstu íbúð og tryggja aukið framboð á íbúðarhúsnæði. Meðal tilgreindra aðgerða í samþykkt ríkisstjórnar er endurskoðun á regluverki skipulags- og byggingarmála sem unnið er að af hálfu starfshóps sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði sl. vor, með það að markmiði að lækka byggingarkostnað.

Meginmarkmið verkefnisins „Vandað, hagkvæmt, hratt“ er að skoða lausnir í víðu samhengi með það að leiðarljósi að auka fjölbreytni og framboð á hagkvæmu húsnæði, ekki síst fyrir ungt fólk og tekjulágt. Fyrsta skrefið var stigið með upphafsundi verkefnisins sem félags- og húsnæðismálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra boðuðu til og haldinn var 21. október sl. Til fundarins voru boðnir fulltrúar helstu hagsmunaaðila sem málefnið snertir. Fundurinn var vel sóttur og miklar og frjóar umræður voru á öllum borðum. Niðurstöður fundarins hafa verið teknar saman og sendar öllum þáttakendum til frekari umfjöllunar og umsagnar. Þá er nú í kjölfar fundarins unnið að undirbúningi að hönnunarsamkeppni um nýjar lausnir í húsnæðismálum.

Nú er komið að næsta skrefi. Fulltrúar ráðuneyta og stofnana sem að þessum málum koma hafa að undanfögnu unnið að undirbúningi stofnunar sérstaks samstarfsvettvangs fyrirtækja, stofnana, ráðuneyta og annarra aðila sem starfa á þessu sviði sem hlotið hefur heitið „Byggingarvettvangur“. Fyrir liggja samþykktir þessa vettvangs sem hafa verið undirritaðar af fulltrúum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Mannvirkjastofnunar, Íbúðalánasjóðs og Samtaka iðnaðarins. Í samþykktunum eru jafnframt tilgreindir samstarfsaðilar vettvangsins sem eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Hönnunarmiðstöð Íslands, IKEA, Listaháskóli Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og velferðarráðuneytið. Fyrir liggur tillaga um að verkefnið „Vandað, hagkvæmt, hratt“ verði fyrsta verkefni Byggingarvettvangsins í samræmi við samþykktir vettvangsins, þar á meðal með áherslu á eflingu nýsköpunar, tækniþekkingar og samkeppnishæfni. Við lýsum hér með yfir samþykki okkar fyrir því að verkefnið „Vandað, hagkvæmt, hratt“ verði fyrsta verkefni Byggingarvettvangsins og erum þess fullvissar að hann eigi eftir að leiða til þess að Íslendingar muni eiga kost á hagkvæmara og ódýrara húsnæði í framtíðinni með faglega mannvirkjagerð að leiðarljósi.

Reykjavík, 18. desember 2015

Eygló Harðardóttir  
Félags- og húsnæðismálaráðherra

Ragnheiður Elín Árnadóttir  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Sigrún Magnúsdóttir  
umhverfis- og auðlindaráðherra